


# Skammtímasjóður ÍV

31. janúar 2012

## Fyrir hvern er sjóðurinn?

Skammtímasjóður ÍV er traustur kostur fyrir þá sem vilja nýta þá vexti sem bjóðast á innlánnum auk þess að eiga kost á umframávöxtun sem ríkistryggð bréf gætu gefið. Sjóðurinn hentar bæði almennum fjárfestum sem og fagfjárfestum og þar sem engin þóknun er tekin við kaup eða sölu hentar sjóðurinn vel í skemmri tíma fjárfestingar.

## Verðbreyting (upphafsgildi = 100)



## Tölfræðilegar upplýsingar

Meðallíftími verðbréfa (ár)	0,56
Verðtryggingarhlutfall	0%
Mánaðarlegt staðalfrávik ávöxtunar s.l. ár	0,4%

## Verðbreyting tímabila

	1 má	3 má	6 má	12 má	24 má
Skammtímasjóður ÍV	0,3%	0,9%	1,9%	4,0%	5,9%

## Verðbreyting ára

	2011	2010	2009
Skammtímasjóður ÍV	4,1%	8,3%	11,4%


## Grunnupplýsingar

Stærð (m.kr.)	1.837
Sjóðstjóri	Helga Björg Ingvadóttir
Stofnár	2009
Umsýsluþóknun á ári	0,5%
Rekstraraðili	Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf
Vörsluaðili	Íslensk verðbréf hf
Bloomberg auðkenni	SKAMIVA IR

## Markmið og fjárfestingarstefna

Fjárfest er í stuttum ríkistryggðum verðbréfum og innlánnum fjármálastofnana. Líftími eignasafns sjóðsins er minni en ár. Stýring sjóðsins tekur að töluverðu leyti mið af þróun vaxtastigs og því getur hlutfall innlána verið breytilegt frá mánuði til mánaðar.

## Eignasamsetning



## Stærstu eignir

Innlán Íslandsbanki	38,9%
Innlán Landsbankinn	30,0%
Innlán MP banki	19,1%
RIKB 12 0824	6,7%

## Viðskipti

Lágmarkskaup	3.000
Þóknun við kaup	0%
Þóknun við sölu	0%
Afgreiðslutími	10:00 til 14:00
Uppgjörstími	1 viðskiptadagur (T+1)
Áskriftarmöguleiki	Já
Gengi sjóðsins 31.01.2011	12,502

## Hvernig fjárfesti ég í Skammtímasjóði ÍV?

Hægt er að fjárfesta í Skammtímasjóði ÍV með því að hafa samband við ráðgjafa Íslenskra verðbréfa í síma 460 4700. Einnig má fjárfesta í sjóðnum á heimasíðu Íslenskra verðbréfa [www.iv.is](http://www.iv.is). Gerast má áskrifandi að sjóðnum með því að hafa samband við Íslensk verðbréf, þá er annaðhvort skuldfært af kreditkorti eða millifært af bankareikningi mánaðarlega umsamin upphæð og því bætt við eign viðskiptavinar í Skammtímasjóði ÍV.

## Skattlagning

Hagnaður af innlausn eignarhlutdeildar verðbréfasjóðsins er skattskyldur á Íslandi. Skattskyldur hagnaðar ákvarðast samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003 og myndar eignarhlutdeild í sjóðnum stofn til greiðslu eignarskatts. Vörslufyrirtæki sjóðsins, Íslensk verðbréf hf., sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en hann leggst á þegar eignarhlutdeild í sjóðnum er seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af eignarhlutdeild. Söluhagnaður ber 20% fjármagnstekjuskatt.

## Fyrirvari

Skammtímasjóður ÍV er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og hefur því rýmri heimildir til fjárfestinga en verðbréfasjóðir. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins.

Útboðslýsingu og nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Íslenskra verðbréfa, [www.iv.is](http://www.iv.is). Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.